



Framsókn

**Efnahagur og ríkisfjármál,
viðskipti og menning**

Stefna Framsóknar

Samþykkt á 37. Flokkspingi Framsóknar

2024

Efnisyfirlit

1.	Efnahags- og ríkisfjármál.....	3
1.2	Lægri verðbólga er forgangsmál efnahagsstjórnar landsins.....	3
1.3	Húsnæðismál eru hagstjórnarmál	3
1.4	Traustur og ábyrgur ríkisrekstur á grunni verðmætasköpunar	4
1.5	Einfalt og réttlátt skattkerfi.....	4
1.6	Sjálfstæð peningastefna með íslenska krónu.....	5
1.7	Fjármálakerfið	5
1.8	Aðrar eignir og félög í eigu ríkisins	5
1.9	Lífeyrissjóðakerfið	5
2.	Viðskipti, samkeppni og neytendur	6
2.1	Samkeppnishæfni Íslands	6
2.2	Skilvirk umgjörð viðskiptalífs og virkt samkeppniseftirlit	6
2.3	Betri neytendavernd	6
3.	Menning og skapandi greinar	7
3.1	Hagrænn ávinningur af stuðningi við listir og skapandi greinar	7
3.2	Inngilding og aðgengi að menningarstarfi um allt land	8
3.3	Bætt kjör listafólks og efling menningarsjóða	9
3.4	Miðstöð skapandi greina og sókn á alþjóðamarkaði	9
3.4.1.	Kvikmyndir	9
3.4.2.	Tölvuleikjagerð og rafípróttir	9
3.4.3.	Tónlist	9
3.4.4.	Sviðslistir.....	10
3.4.5.	Myndlist.....	10
3.4.6.	Bókmenntir.....	10
3.4.7.	Hönnun og arkitektúr.....	11
3.4.8.	Söfn og menningararfur	11
3.4.9.	Efling og uppbygging helstu sögustaða	12
4.	Fjölmiðlar	12
5.	Íslenska, máltækni og gervigreind	13
5.1	Íslenskan er aðalmálið	13
5.2	Íslenskt táknmál	13
5.3	Máltækni og gervigreind - Íslenskan okkar, alls staðar	14

1. Efnahags- og ríkisfjármál

Helsta lærdóm sem draga má af hagstjórn á lýðveldisárunum, hvort sem horft er til lengri eða skemmri tíma, er að mikilvægt er að ríkissjóður sé ávallt vel búinn undir að takast á við innri og ytri efnahagsleg áföll. Síðustu ár bera sterkan vitnisburð um mikilvægi þess. Samspil öruggrar efnahagsstefnu ríkisins í samvinnu við öfluga uppbyggingu atvinnulífsins skiptir sköpum í þeim efnum til að búa í haginn fyrir hagsæld einstaklinga og fjölskyldna.

Meginmarkmið hagstjórnarinnar eru að stuðla að fullri atvinnuþátttöku og undirbyggja stöðugt verðlag, stunda hallalaus viðskipt við útlönd og vinna að hallalausum ríkisrekstri, stuðla að heilbrigðum hagvexti sem stuðlar að sanngjarnri tekju- og eignaskiptingu í samfélaginu.

Framsókn hefur í gegnum árin lagt áherslu á að blandað markaðshagkerfi sé skynsamlegasta og farsælasta leiðin til að tryggja hagsæld fyrir fólkið í landinu. Íslenska hagkerfið þarf að vera stöðugt, gagnsætt og öruggt. Fyrirtækjum og einstaklingum þarf að vera búið starfsumhverfi þar sem samvinna, frumkvæði, dugnaður og samfélagslegt réttlæti er í öndvegi. Í því sambandi þarf að tryggja að regluverk sé gagnsætt, einfalt og skilvirkt og hvetji fólk og fyrirtæki áfram í störfum sínum. Stöðugt efnahagsumhverfi og fyrirsjáanleiki er forsenda þess að einstaklingar og fyrirtæki geti gert áætlanir til lengri tíma.

1.2 Lægri verðbólga er forgangsmál efnahagsstjórnar landsins

Framsókn telur að traust samspil peningastefnu Seðlabanka Íslands, opinberra fjármála og aðila vinnumarkaðarins sé lykilforsenda þess að stuðla að stöðugu verðlagi og skapa skilyrði fyrir lækkun verðbólgu og vaxta – sem er stærsta hagsmunamál fólks og fyrirtækja í landinu. Í þágu þessa þarf aukna forgangsröðun í opinberum fjármálum sem kallast á við aðgerðir stjórnvalda í þágu langtíma kjarasamninga á vinnumarkaði, sem snúa að því að fjárfesta í fólki. Eðlilegt er að unnið verði að sambærilegum langtímakjarasamningum á opinbera vinnumarkaðnum sem kallast á við nýgerða kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Samningar á opinberum vinnumarkaði mega ekki verða til þess að framkalla launaskrið á almennum vinnumarkaði. Aðgerðir hins opinbera þurfa að miða því að slá á verðbólgu og verðbólguvæntingar í samfélaginu.

1.3 Húsnæðismál eru hagstjórnarmál

Brýnt er að koma í veg fyrir að kostnaðarverðbólga festi sig í sessi og verði að sjálfstæðu vandamáli í íslensku hagkerfi. Veigamiklar aðgerðir á framboðshlið hagkerfisins þurfa að raungerast, ekki síst með uppbyggingaráformum á húsnæðismarkaði. Sveitarfélög verða að tryggja nægt magn af byggingarhæfum lóðum til hraðrar uppbyggingar og leita þarf leiða til þess að tryggja hagkvæma fjármögnun á uppbyggingu séreigna- og leiguhúsnæðis fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Framsókn vill að heimild fólks til þess að nýta viðbótarlífeyrissparnað til ráðstöfunar inn á fasteignlán verði fest varanlega í sessi.

1.4 Traustur og ábyrgur ríkisrekstur á grunni verðmætasköpunar

Ríkissjóður Íslands er sameiginlegur sjóður allra landsmanna sem á að búa yfir viðnámsþrótti andspænis áföllum í efnahagslífinu. Vinna þarf að því að ná auknu jafnvægi í rekstri ríkisins með hallalausum rekstri og að skuldahlutföll verði lækkuð enn frekar til framtíðar ásamt því að markvisst verði unnið að því að bæta lánshæfi ríkissjóðs. Við útfærslu á því þeirri vegferð þarf að tryggja að hið opinbera geti áfram fjárfest í fólki og innviðum um allt land með ábyrgum og skynsamlegum hætti. Framsókn leggur þunga áherslu á að auka tekjuöflun ríkisins með auknum vexti og verðmætasköpun fremur en með aukinni skattheimtu á fólk og fyrirtæki. Í því samhengi skiptir meðal annars máli að fyrirsjáanleg, fjármögnuð og skilvirk hvatakerfi til aukinnar verðmætasköpunar verði fest í sessi, má þar nefna endurgreiðslur vegna rannsókna, þróunar og kvikmyndagerðar og fjármunum til markaðssetningar á Íslandi sem áfangastaðar verði tryggðir.

Horfa þarf til þess að fjölga enn stoðum undir hagkerfinu. Á undanförunum áratugum hefur stoðum hagkerfisins fjölgað úr einni í þrjár. Horfa skal meðal annars til skapandi greina og hugvits til að tryggja áframhaldandi hagsæld. Það er þó ekki síður mikilvægt að styðja áfram vöxt þeirra atvinnugreina sem fyrir eru enda hafa þær lagt grunninn að einum bestu lífskjörum sem fyrirfinnast á byggðu bóli. Stærð og gerð hagkerfisins gerir það að verkum að utanríkisviðskipti eru afar mikilvæg og tryggja þarf samkeppnishæfni atvinnuveganna í samanburði við helstu viðskiptalönd. Áhersla skal lögð á virka þátttöku í alþjóðastofnunum og rækta sambönd við nágrannalöndin beggja vegna Atlantsála.

Tækifæri eru til að efla stofnanakerfi ríkisins með áherslu á sameiningar stofnanna eða aukinn samrekstur þeirra. Þá er mikilvægt að halda áfram innleiðingu starfrænna lausna í rekstri hins opinbera.

1.5 Einfalt og réttlátt skattkerfi

Framsókn styður þrepaskipt tekjuskattkerfi einstaklinga til þess að stuðla að sanngjarnri tekju- og eignaskiptingu líkt og tíðkast í helstu samanburðarlöndum Íslands. Þá styður Framsókn að skattkerfið og fyrirkomulag persónuafsláttar sé áfram nýtt til tekjujöfnunar. Skattaumhverfi þarf að vera skýrt, réttlátt og samkeppnishæft við nágrannalönd. Mikilvægt er að skattkerfið vinni með hagsveiflunni.

Eitt mikilvægasta hlutverk skattkerfisins er að tryggja öflugt velferðarkerfi og öryggisnet, jöfn tækifæri fyrir fólk í samfélaginu og til að hvetja einstaklinga og fyrirtæki á grundvelli athafnafrelsis til aukinnar framtakssemi og verðmætasköpunar. Þá má nýta skattkerfið til þess ýta undir jákvæða byggðapróun í landinu. Efla þarf skilvirkt skattaeftirlit til að draga úr svarti atvinnustarfsemi, stuðla að eðlilegri samkeppni og þátttöku í uppbyggingu samfélagsins. Mikilvægt að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með það að markmiði að auka fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga.

1.6 Sjálfstæð peningastefna með íslenska krónu

Seðlabanki með sjálfstætt ákvörðunarvald, öflug þjóðhagsvarúðartæki og myndarlegan gjaldeyrisvaraforða er einn af hornsteinum hagstjórnarinnar. Virk miðlun peningastefnunnar skiptir lítið, opið hagkerfi máli. Sjálfstæður gjaldmiðill, íslenska krónan, þjónar hagsmunum Íslands áfram best.

1.7 Fjármálakerfið

Framsókn leggur áherslu á hagsmuni heimila og fyrirtækja við skipulagningu fjármálakerfisins og mikilvægt er að í því efni veiti stjórnvöld fjármálakerfinu áfram aðhald og eftirlit. Framsókn styður áframhaldandi sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka. Við sölu á hlut ríkisins í bankanum þarf gagnsæi, tímasetning, almenn þátttaka og dreift eignarhald ásamt fjárhagslegum hagsmunum ríkissjóðs að fara saman. Framsókn telur ekki tímabært huga að sölu á hlut ríkisins í Landsbankanum og að til lengri tíma haldi ríkið á verulegum hlut í bankanum, líkt og tíðkast á Norðurlöndum. Skerpa þarf á eigendastefnu ríkisins í fjármálafyrirtækjum með það að markmiði að þau stígi ekki frekari skref í fjárfestingum í mikilvægum fyrirtækjum á fjármálamarkaði.

Framsókn vill að komið verði á skattaafslætti tengdum fjárfestingu í hlutabréfum sem skráð eru á skipulegan markað. Jafnframt verður nýsköpunarfyrirtækjum gert kleift að njóta ávinnings af fjárfestingu í samvinnu við markaðstorg fjármálagerna.

1.8 Aðrar eignir og félög í eigu ríkisins

Breið samfélagsleg sátt ríkir um það opinbera eignahald sem er á kerfislega mikilvægum fyrirtækjum á Íslandi, svo sem Landsvirkjun, sem er táknmynd hins blandaða markaðshagkerfis sem við búum við. Framsókn leggst gegn einkavæðingu á slíkum fyrirtækjum sem og öðrum mikilvægum grunninnviðum samfélagsins sem eru í eigu hins opinbera. Gagnsæi ásamt góðum og samfélaglega ábyrgum stjórnarháttum eiga að vera leiðarljós við stjórnun slíkra fyrirtækja. Vert er að skoða með skipulögðum hætti hvernig ýmsar fasteignir og lóðir í eigu ríkisins geti stutt við markmið um aukna uppbyggingu á húsnæðismarkaði eða styrkingu á fjárhag ríkissjóðs.

1.9 Lífeyrissjóðakerfið

Frumhlutverk lífeyrissjóðakerfisins er að tryggja útgreiðslur til sjóðsfélaga á efri árum. Tryggja þarf á hverjum tíma að lífeyrissjóðirnir búi við lagaumhverfi sem gerir þeim kleift að rækja þetta hlutverk sitt með ábyrgum hætti gagnvart almenningi og félagsmönnum sjóðanna. Kanna skal sérstaklega hvernig lífeyrissjóðirnir geti tekið þátt í að flýta arðbærum innviðaframkvæmdum, til dæmis í samvinnu við hið opinbera eftir því sem við á. Fækka þarf lífeyrissjóðum með það að markmiði að draga úr kostnaði og styrkja réttindi sjóðsfélaga.

2. Viðskipti, samkeppni og neytendur

Skilvirkt og öflugt umhverfi viðskiptalífs, samkeppnis- og neytendamála er viðvarandi áskorun. Framsókn vill skilvirka umgjörð viðskiptalífs, styrkja samkeppni innanlands, tryggja stöðu neytenda betur í nýju umhverfi viðskipta og efla alþjóðlega samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

2.1 Samkeppnishæfni Íslands

Hagkerfi Íslands er örhagkerfi, í alþjóðlegu samhengi. Sem slíkt er það Íslandi mjög mikilvægt að vera samkeppnishæft á alþjóðamarkaði. Aðeins með þeim hætti er hægt að tryggja jákvæðan gjaldeyrisjöfnuð og aukinn hagvöxt hér á landi. Framleiðni hefur ekki verið í takt við launaþróun síðastliðin ár, ef sú þróun heldur áfram mun það bitna verst á launþegunum sjálfum. Tryggja þarf að bein tengsl séu á milli framleiðni íslensks vinnuafis og launaþróunar svo að íslensk fyrirtæki séu samkeppnishæf á alþjóðamarkaði, sem er megin forsenda fyrir framtíðar hagsæld hér á landi.

2.2. Skilvirk umgjörð viðskiptalífs og virkt samkeppniseftirlit

Framsókn vill stuðla að aukinni samkeppnishæfni og sveigjanleika íslensks atvinnulífs með því að draga úr hindrunum í gildandi regluverki og tryggja að ný löggjöf sé skýr og skilvirk. Umgjörð og leikreglur viðskiptalífsins eiga að vera einfaldar og skýrar og til þess fallnar að stuðla að góðum viðskiptaháttum í þágu samfélagsins alls. Sérstaklega sé horft til þess að regluverk lítilla og meðalstórra fyrirtækja sé ekki of íþyngjandi. Framsókn vill tryggja að ákvæðum laga um kynjahlutföll í stjórnnum fyrirtækja sé framfylgt, fleiri konur veljist sem æðstu stjórnendur og útrýma óútskýrðum launamun kynja.

Framsókn telur brýnt að ábati samkeppninnar skili sér til neytenda. Skilvirkt og öflugt eftirlit með samkeppni og starfsháttum fyrirtækja er mikilvægur þáttur í því. Efla þarf Samkeppniseftirlitið til að það geti uppfyllt og framkvæmt lögbundin verkefni sín. Æskilegt er að umgjörð samkeppnislöggjafar hér standist samanburð við önnur lönd er varðar sjálfstæði eftirlits, eftirlitsheimildir og rétt málsaðila í samkeppnismálum. Möguleg sameining eða samrekstur Samkeppniseftirlits og Neytendastofu komi til greina í þeim efnun.

Framsókn vill treysta grundvöll samvinnufélaga og einfalda stofnun þeirra með því að lækka lágmarksfjölda stofnenda úr 15 í 3. Fella þarf á brott heimild til að breyta rekstrarformi samvinnufélags í hlutafélag og tryggja betur að hagsmunir þeirra samfélaga þar sem samvinnufélög eru starfrækt njóti vafans ef til slita kemur á félagi.

2.3 Betri neytendavernd

Framsókn vill að áfram verði unnið að því að bæta rétt og stöðu neytenda þar sem fræðsla og aukin neytendavitund, skilvirkt markaðseftirlit og góðir markaðshættir, samstarf atvinnulífs og hagsmunasamtaka á sviði neytendamála verði haft að leiðarljósi. Auka þarf

rétt neytenda með heildarendurskoðun á löggjöf á sviði neytendamála sem tekur meðal annars tillit til tækniþróunar og rétti neytenda í netviðskiptum, til dæmis er varðar vöruöryggi og bættu þjónustu við neytendur.

Auka þarf neytendavernd tengda fjármálaþjónustu með bættri upplýsingagjöf og leiðbeiningum vegna lánveitinga til neytenda. Áfram þarf að veita fyrirtækjum á fjármálamarkaði aðhald með árlegum úttektum á arðsemi og gjaldtöku þeirra ásamt því að tryggja Seðlabanka Íslands skýrar heimildir til þess að koma á fót innlendri greiðslumiðlun sem lækka myndi kostnað fyrir neytendur og íslenska söluaðila ásamt því að bæta þjóðaröryggi á sviði greiðslumiðlunar. Huga þarf að stöðu viðkvæmra hópa, svo sem börnum, eldri borgurum og fólki með fötlun, með sérstökum verndarráðstöfunum á sviði neytendamála. Í því samhengi má meðal annars endurskoða regluverk smálána.

Tryggja skal með lagabreytingu að allar auglýsingar til neytenda verði á íslensku, með það að markmiði að bæta stöðu íslenskra neytenda sem og tungumálsins. Gera þarf neytendum betur kleift að taka upplýstar ákvarðanir við kaup á vöru og þjónustu út frá sjálfbærni, meðal annars með áherslu á vörumerkingar og réttar upplýsingar.

3. Menning og skapandi greinar

Öflugt menningarlíf hefur fylgt íslenskri þjóð um aldir og gerir Ísland að þjóð meðal þjóða. Það skapar aukin lífsgæði fyrir íbúa landsins og er aðdráttarafl ferðamanna. Á undanförunum árum hafa verið stigin stór skref til þess að bæta umgjörð menningar og skapandi greina á Íslandi undir forystu Framsóknar. Árangur listafólks og fyrirtækja í skapandi greinum hér heima og erlendis fylla okkur stolti en við vitum að samkeppnin á þeim sviðum er hörð – en íslenskir listamenn og framleiðendur halda áfram að vekja eftirtekt, ná í gegn og skapa sér eftirtektarverðan sess á mörgum sviðum.

Framsókn vill efla umgjörð menningar og skapandi greina enn frekar þar sem öflug menntun og fræðsla, frumsköpun og gott starfsumhverfi, bættir innviðir og aðgengi sem flestra ásamt markvissum útflutningi á íslenskri menningu mynda órjúfanlega heild. Með því stuðlum við að samkeppnishæfni til framtíðar, rennum fleiri stoðum undir vöxt og þróun, sköpum spennandi störf með þátttöku fleiri, inngildingu og aukinni sjálfbærni. Markmiðið er að útflutningsverðmæti skapandi greina aukist og leitast verði við að fjölga öflugum fyrirtækjum í skapandi greinum. Til að svo verði þarf að fjárfesta í skapandi greinum líkt og gert er þegar kemur að menntun og starfsumhverfi lykil atvinnuvega þjóðarinnar.

3.1 Hagrænn ávinningur af stuðningi við listir og skapandi greinar

Hagræn og samfélagsleg áhrif lista og menningar eru veruleg í samspieli við atvinnulífið, s.s. í bókmenntum, hönnun, kvikmyndagerð, myndlist, sviðslistum, tónlist, tölvuleikjagerð og öðrum skapandi greinum. Meta þarf framlag skapandi greina til velsældar og lífsgæða m.a. með því að bæta greiningar og rannsóknir á þeim sviðum. Til að stefnumótun geti þróast þarf að halda áfram að efla söfnun, úrvinnslu og miðlun tölfræði skapandi greina,

t.a.m. með hliðsjón af kynja-, byggða- og jafnréttissjónarmiðum. Þar þarf meðal annars að fela Hagstofu Íslands að vinna varanlega að því að viðhalda og bæta svokallaða Menningarvísa.

Í nýlegri úttekt breska ráðgjafafyrirtækisins Olsberg•SPI um efnahagsleg áhrif endurgreiðslukerfis vegna kvikmyndagerðar á Íslandi kemur fram að efnahagsleg umsvif kvikmyndagerðar hér á landi á árunum 2019-2022 námu samtals 237,9 milljörðum króna. Um er að ræða uppsöfnuð bein, óbein og afleidd efnahagsleg áhrif af endurgreiðsluhæfum kvikmyndaverkefnum á tímabilinu. Heilt á litið hafi endurgreiðslukerfið skilað sér með jákvæðum hætti fyrir íslenskt efnahagslíf og að hver króna sem varið hafi verið til kvikmyndagerðar í kerfinu hafi skilað sér til baka í 6,8 krónum með beinum, óbeinum og afleiddum hætti.

3.2 Inngilding og aðgengi að menningarstarfi um allt land

Framsókn vill tryggja öllum aðgengi og jöfn tækifæri til listsköpunar og menningar, því allir hafa sögu að segja. Jafnrétti á að vera ríkjandi í öllu lista- og menningarstarfi á Íslandi. Listir eru ein besta leiðin til þess að varpa ljósi á fjölbreytileika samfélagsins þar sem sköpunarkraftur fólks fær notið sín óháð kyni, bakgrunni og stöðu viðkomandi.

Styðja þarf við listsköpun fatlaðs fólks og gefa þeim stærra hlutverk í skapandi greinum í gegnum listasmiðjur og leikhópa og í samstarfi við leikhús, listasöfn og tónlistarlíf. Hátíðin List án landamæra leggur áherslu á list fatlaðs fólks og sem slík skapað vettvang og sérstöðu innan menningarlífsins á Íslandi.

Framsókn skilur að listir og menning eiga erindi, uppsprettu og samastað um land allt. Þess vegna þarf að styðja listafólk vítt og breitt um landið með framlögum til sköpunar og hvetja þau með ferðastyrkjum til þess að miðla list sinni sem víðast um landið. Með þessu stuðlum við að jafnræði óháð búsetu, bæði gagnvart listafólki og þeim sem vilja njóta lista og menningar í heimabyggð.

Í samningum við stærstu menningarstofnanir þjóðarinnar verði tilgreint að þeim beri að sinna íbúum landsins alls og hvatt til samstarfs þeirra við öflugar svæðisbundnar menningarstofnanir. Víða um land er að finna glæsilega aðstöðu í menningarhúsum og félagsheimilum sem rétt er að hvetja menningarstofnanir og sjálfstætt starfandi listafólk til að nýta sér í auknum mæli.

Framsókn vill gera Safnahúsið að miðstöð barnamenningar sem heldur utan um Barnamenningarsjóð ásamt verkefninu List fyrir alla.

Menntakerfið er ein af grunnstoðum menningarlífsins í landinu og greiður aðgangur að listnámi skiptir miklu máli. Tryggja þarf fjölbreytta listkennslu í grunn- og framhaldsskólum og faglegt listnám á grunn- og framhalds- og háskólaskólastigi. Mikilvægt skref hefur verið tekið með niðurfellingu skólagjalda við Listaháskóla Íslands. Með því er stuðlað að jafnari tækifærum til listmenntunar sem skilar sér með jákvæðum hættu út í samfélagið.

3.3 Bætt kjör listafólks og efling menningarsjóða

Framsókn vill auka samhæfingu, einfalda og efla sjóðakerfi lista og menningar með bættu aðgengi og skilvirkni að leiðarljósi. Starfslaunasjóðir listamanna eru ein af undirstöðum öflugum menningarlífs á Íslandi og gefa listafólki tækifæri til að vinna að frumsköpun verka sinna af meiri krafti. Áformum um breytingar á starfslaunum listamanna verður komið til framkvæmda í skrefum.

3.4 Miðstöð skapandi greina og sókn á alþjóðamarkaði

3.4.1. Kvikmyndir

Framsókn hefur staðið með kvikmyndagerð í gegnum áratugina, meðal annars með því að koma Kvikmyndasjóði á laggirnar árið 1978 ásamt endurgreiðslukerfi kvikmynda árið 1999. Kvikmyndagerð hefur fest sig í sessi sem stór atvinnugrein og hefur umfang hennar margfaldast á undanförunum árum. Hróður íslensks kvikmyndagerðarfólks fer víða enda er það þekkt fyrir framúrskarandi fagmennsku, vinnusemi, grænar áherslur og lausnamiðað hugarfar.

Með gerð kvikmyndastefnu til ársins 2030 var skapað umhverfi fyrir auðugri kvikmyndamenningu, boðið upp á fjölbreyttari menntun á sviði kvikmyndagerðar, samkeppnisstaða greinarinnar styrkt og Ísland gert að alþjóðlegu vörumerki á sviði kvikmyndagerðar. Þar skiptir hækkun endurgreiðsluhlutfalls í kvikmyndagerð úr 25% í 35% lykilmáli. Einstakir tókustaðir á Íslandi hafa stuðlað að öflugri landkynningu og stutt við ferðaþjónustu og rekstur tengdan henni. Framsókn leggur áherslu á að efla kvikmyndaiðnaðinn hér á landi enn frekar í góðu samstarfi við greinina. Áfram verði unnið að því að hrinda kvikmyndastefnu fyrir Ísland til ársins 2030 í framkvæmd, endurgreiðsluhlutfall verði áfram 35% fyrir stærri verkefni og kvikmyndasjóður verði eflur til að styðja enn betur við innlenda kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð. Streymisveitur greiði sérstakt menningarframlag að erlendra fyrirmynd sem renni í kvikmyndasjóð til eflingar íslenskri menningu og íslenskri tungu.

3.4.2. Tölvuleikjagerð og rafíþróttir

Tölvuleikir sameina nýsköpun og listræna sköpun. Framsókn vill að starfsumhverfi tölvuleikjagerðar á Íslandi verði samkeppnishæft á alþjóðavísu. Fyrirsjáanlegt og skilvirkt stuðningskerfi sem að styður við vöxt tölvuleikjaiðnaðarins og að einfalt sé fyrir fyrirtæki að ráða erlenda sérfræðinga hingað til lands. Vinna þarf með markvissum hætti að gera Ísland að eftirsóttum mótisstað fyrir alþjóðleg rafíþróttamót undir heitinu “Gaming in Iceland”.

3.4.3. Tónlist

Mikilvægt er að haldið verði áfram að efla tónlistarlífið í landinu. Ný tónlistarstefna til ársins 2030 ásamt fyrstu heildarlögunum um tónlist marka tímamót í tónlistarlífi þjóðarinnar. Framsókn leggur áherslu á að nýrri tónlistarstefnu verði hrint til framkvæmdar af fullum

krafti þar sem hlúð er að tónlistarmenntun og menningu, tónlistariðnaði og markvissum útflutningi á íslenskri tónlist. Framsókn leggur áherslu á efla tónlistarsjóð og farsæla innleiðingu nýrra laga um heildartónlist þar sem ný Tónlistarmiðstöð gegnir lykilhlutverki til að styrkja innviði greinarinnar og skapa ný tækifæri fyrir tónlistarfólk á Íslandi. Tryggja verður að Ísland sé samkeppnishæft á alþjóðavísu, meðal annars með því að nýta þá möguleika sem felast í verkefninu Record in Iceland og festa endurgreiðslukerfi vegna hljóðritunar í sessi. Auka þarf sýnileika íslenskrar tónlistar á stærstu alþjóðlegu streymisveitunum og tryggja rétt höfum réttlátari hlut.

3.4.4. Sviðslistir

Framsókn vill bæta umhverfi og aðstöðu sviðslista á Íslandi. Góð aðstaða sé til fjölbreyttrar sviðslistasköpunar um allt land og aðgengi áhorfenda. Þjóðleikhúsinu, Íslenska dansflokknunum og Þjóðaróperu verði tryggður grundvöllur til þess að bjóða upp á sviðslistir í hæsta gæðaflokki. Sviðslistamiðstöð styðji við og stuðli að auknum sýnileika íslenskra sviðslista, áfram sé stutt við sjálfstæðu senuna og áhugaleikhús og sviðslistasjóður endurskoðaður og efldur til að styðja við allar tegundir sviðslista. Framsókn vill efla og þróa danslist á Íslandi og stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssmíði. Fyrsta heildstæða sviðslistastefnan sé kláruð með sérstakri áherslu á danslist, sjálfstæðu senuna og eflingu sviðslista um allt land.

Framsókn vill styrkja grundvöll íslenskrar óperulistar með stofnun Þjóðaróperu innan Þjóðleikhússins í áföngum. Með slíku fyrirkomulagi skapast samlegðaráhrif í rekstri og samnýtingu innviða og tryggt að aukin framlög til óperulistar fari til eflingar á listgreininni sjálfri. Þjóðarópera skapar starfsvettvang fyrir fjölda söngvara, hljóðfæraleikara, hönnuða og leikstjóra, auka fjölbreytni í menningarstarfsemi með áherslu á nýsköpun og stuðla að varðveislu og miðlun íslensks menningararfs.

3.4.5. Myndlist

Mikil gróska er í myndlist á Íslandi. Framsókn vill efla myndlistarmenningu landsins ásamt því að stuðla að aukinni þekkingu og áhuga almennings á myndlist. Stuðningskerfi myndlistar á Íslandi verði einfalt og skilvirkt og myndlistarsjóður efldur. Áfram sé unnið að því að íslensk myndlist verði sýnileg og vaxandi atvinnugrein. Framsókn vill fylgja eftir aðgerðum í nýlegri myndlistarstefnu. Stefnan felur í sér fjölbreyttan stuðning við listsköpun, menntun og myndlæsi sem styður við myndlistarmenningu og aukna þekkingu og áhuga almennings á myndlist. Framsókn vill vinna áfram með greiningu og tillögur að úrbótum á húsnæðiskosti Listasafns Íslands með sérstakri áherslu á varðveislurými safnsins sem og sýningarými fyrir fasta sýningu. Mikilvægt er að hægt sé að bjóða gestavinnustofur fyrir erlenda listamenn, almenningi og íslenskri myndlist til hagsbóta.

3.4.6. Bókmenntir

Íslenskar bókmenntir eru samofnar sögu þjóðarinnar, geyma sögu okkar og sjálfsskilning. Bókmenntaarfurinn er okkar merkasta framlag til heimsmenningar. Framsókn telur mikilvægt að stuðla að metnaðarfullri ritmenningu og öflugri útgáfustarfsemi til að fólk á öllum aldri hafi greiðan aðgang að fjölbreyttu lesefni við hæfi. Halda þarf áfram að styrkja sjóði á sviði bókmennta og stuðla að því að starfsumhverfi rit- og myndhöfunda sé

hvetjandi. Með því styrkjum við stöðu íslenskunnar og tryggjum að saga okkar verði áfram skrifuð á íslensku.

Mikilvægt er að ný bókmenntastefna komist í framkvæmd en í henni eru sett fram þrjú meginmarkmið um sköpun og útgáfu á íslensku til að treysta stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu; um aukinn og bættan lestur sem víðast í samfélaginu; og hvatning til bókasamfélagsins um nýsköpun sem taki mið af tækniþróun og örum samfélagsbreytingum. Sérstök áhersla er lögð á börn og ungmenni annars vegar og íslenska tungu hins vegar.

Þá telur Framsókn tímabært að endurskoða regluverk og nútímavæða umgjörð hins opinbera í tengslum við bókmenntir og íslenskt mál í breyttu landslagi íslenskunnar og bókaútgáfu vegna tilkomu gervigreindar, máltækni, streymisveitna og annarrar tækni sem er í hraðri þróun þessi misserin.

3.4.7. Hönnun og arkitektúr

Íslensk hönnun og arkitektúr eru mikilvægt breytingafl og tæki til nýsköpunar sem nýst getur okkar samfélagi á fjölbreyttan hátt. Framsókn vill að auka vægi hönnunar í íslensku atvinnulífi og skila vaxandi árangri, fagmennsku og gæðum til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag. Gildandi stefna í málefnum hönnunar og arkitektúrs og aðgerðir í hennar nafni miða að því og brýnt að henni sé hrint í framkvæmd. Efla þarf Hönnunarsjóð til þess að auka þekkingu, atvinnu- og verðmætasköpun á þessum sviðum ásamt því að stuðla að auknum útflutningi íslenskrar hönnunar með því að styrkja kynningar- og markaðsstarf erlendis. Tryggja þarf þátttöku Íslands í Feneyjatvíæringnum í arkitektúr.

3.4.8. Söfn og menningararfur

Söfn eru minni þjóða þar sem nútíminn getur speglað sig í fortíðinni og stuðlað þannig að fræðslu, skilningi og vitund sjálfstæðrar þjóðar á sjálfri sér, sögu sinni, náttúru, menningu og tungumáli. Framsókn vill stuðla að sterkari umgjörð safnastarfs í landinu og stuðla að auknu samstarfi eða sameiningu safna. Það er sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga að tryggja þennan grunn og það gerum við með því að reka öflug höfuðsöfn á hverju sviði, sem og net svæðisbundinna safna sem varðveita sögu og menningu landshluta og héraða um land allt.

Styðja þarf söfnin og starfsfólk þeirra til að takast á við áskoranir nýrra tíma meðal annars með eflingu safnasjóðs og áherslu á menningarlæsi. Bókasöfnum þarf að gera kleift að fræða og skemmta með nýjustu miðlum. Skjalasöfn þurfa að geta sinnt varðveislu rafrænna gagna, bæði opinberra og frá einkaaðilum, á grundvelli opinberrar stefnumörkunar. Byggðasöfn, listasöfn og náttúrugripasöfn þarf að styðja til að gera safnkost sinn aðgengilegan og miðla honum á áhugaverðan hátt til að starfsemi þeirra geti stutt við menningartengda ferðaþjónustu sem víðast um landið og miðla þannig sögu okkar og menningu út fyrir landsteinana.

Fagleg starfsemi og góðar aðstæður til varðveislu eru lykilatriði til að söfn geti blómstrað. Húsnæðisvanda Þjóðskjalasafns Íslands þarf að leysa til framtíðar. Skoða skal möguleika á samnýtingu varðveisluhúsnæðis safna í eigu ríkisins og þá sérstaklega samstarf Þjóðskjalasafns Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Að sama skapi þarf að huga að varanlegu varðveisluhúsnæði allra þriggja höfuðsafnanna, svæðisbundinna safna víða um land og samlegð varðandi slíkt sérhæft húsnæði.

3.4.9. Efling og uppbygging helstu sögustaða

Framsókn vill styðja við uppbyggingu á sögustöðum og skapa þeim viðeigandi umgjörð í samráði við heimafólk á hverjum stað. Með uppbyggingu sögustaða er markmiðið að standa vörð um staðinn sjálfan og miðla sögunni áfram til komandi kynslóða. Sögustaðir gegna mikilvægu hlutverki í menningu og sögu þjóðarinnar og eru jafnframt hluti af ásýnd, umhverfi og náttúru landsins. Merka sögustaði er að finna vítt og breitt um landið og eru til þess fallnir að vera áhugaverðir áfangastaðir fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Má sem dæmi nefna Þingvelli, Skálholt, Hóla, Odda á Rangárvöllum, Hraun í Öxnadal, Hrafseyri við Arnarfjörð og Skriðuklaustur í Fljótsdal.

4. Fjölmiðlar

Framsókn vill styðja við fjölbreytni og fagmennsku í fjölmiðlun á Íslandi til að bregðast við áskorunum samtímans á sviði tækni og stafrænna miðla. Tryggja þarf aðgengi almennings að fjölbreyttu innlendu fjölmiðlaefni á íslensku. Öflugir fjölmiðlar eru forsenda lýðræðis og veita stjórnvöldum, stofnunum og atvinnulífnum nauðsynlegt aðhald. Hlutlaust og öflugt Ríkisútvarp gegnir sífellt mikilvægara hlutverki á tímum aukinnar upplýsingaóreiðu og falsfrétta. Mikilvægt er að fjölbreytileiki samfélagsins endurspeglist í þáttastjórnendum og viðmælendum ásamt allri annarri starfsemi fjölmiða. Nýrri fjölmiðlastefnu til ársins 2030 er ætlað að styrkja rekstrarumhverfi fjölmiðla og bæta starfsumhverfi fjölmiðlafólks.

Tekjuöflun fjölmiðla hefur átt verulega undir högg að sækja þar sem auglýsingatekjur hafa í vaxandi mæli farið til alþjóðlegra tæknirisa. Framsókn vill að rekstarhæfi einkarekinna miðla verði tryggt til framtíðar með áframhaldandi rekstrarstuðningi ásamt því að þeir hljóti sérstöðu hvað opinber gjöld varðar. Stutt verði við rekstur ritstjórna á einkareknum fréttu- og dagskrármíðlum sem gegna lýðræðislegu hlutverki og gefa út fréttir, fréttatengt efni og umfjöllun um samfélagslega mikilvæg málefni.

Einkareknir fjölmiðlar á Íslandi skiptast gróflega í tvennt; stórir miðlar og landshlutamiðlar. Tryggja þarf jafnræði þeirra á auglýsingamarkaði miðað við erlenda tæknirisa annars vegar og Ríkisútvarpið hins vegar. Framsókn vill að fjölmiðlar fái aukinn hlut í þeim fjárhagslegu verðmætum sem skapast við stafræna dreifingu fréttæfnis á erlendum samfélagsmiðlum og leitarvélum. Innleiddur verði 15% alþjóðlegur lágmarksskattur á fjölþjóðleg fyrirtæki og alþjóðlega tæknirisa.

Samkeppnisstaða einkarekinna fjölmiðla gagnvart Ríkisútvarpinu verði bætt með því að draga úr umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Um leið verði gætt að því að standa vörð um störf í skapandi greinum, framleiðslu á auglýsingum og rétt landsmanna til upplýsinga um vörur og þjónustu. Unnið verður með tillögur sem miða að því að breyta eðli og umfangi auglýsingasölu og/eða að lagabreytingum sem feli í sér takmarkanir á birtingu viðskiptaboða. Meðal annars verður unnið að því að hefðbundin sala og markaðsetning á auglýsingum hjá RÚV verði óheimil.

Staðarmiðlar eru mikilvægir fyrir samfélög víða um land en þeir fjalla um mál sem skipta svæðin máli og verða oft undir í landsmiðlum. Um leið veita þeir aðhald á sínum svæðum. Ríkisútvarpið leiti leiða til að efla samstarf við staðbundna fjölmiðla á landsbyggðinni og auka þjónustu á landsvæðum þar sem engin eða takmörkuð fjölmiðlun er fyrir hendi.

Framsókn vill efla menntun blaða- og fréttamanna, fjölga fagmenntuðum blaðamönnum á ritstjórnnum fjölmiðla og að nám og starfsferill í blaðamennsku verði raunhæfur og eftirsóknarverður valkostur. Stofnaður verði nýsköpunar- og þróunarsjóður sem styrkir nýbreytni og rannsóknarvinnu á fjölmiðlum ásamt því að styðja við talsetningu og textun barnaefnis á íslensku.

5. Íslenska, máltækni og gervigreind

5.1 Íslenskan er aðalmálið

Hraðar og umfangsmiklar þjóðfélagsbreytingar undanfarinna ára hafa framkallað áskoranir af áður óþekktum stærðargráðum fyrir þjóðtunguna okkar, íslenskuna. Þannig hafa örar tæknibreytingar gjörbylt því málumhverfi sem börn alast upp í og enskan er nú alltumlykjandi hvert sem litið er. Framsókn leggur ríka áherslu á að varðveita íslenskuna og þróa tungumálið til framtíðar. Brýnt er að tryggja framkvæmd aðgerðaáætlunar í málefnum íslenskrar tungu. Leiðarstef í aðgerðunum er að bæta aðgengi og gæði íslenskukennslu, stuðla að auknum sýni- og heyrnleika tungumálsins og aukinni samvinnu um það samfélagslega verkefni að tryggja viðspyrnu íslenskunnar til framtíðar.

Framsókn vill bæta aðgengi að orðabókum og gagnasöfnum á nútímalegan hátt með sérstakri íslenskugátt sem gerir það einfalt og skemmtilegt fyrir alla að leita sér upplýsinga og fræðslu um íslenskt mál, sér í lagi ungt fólk og þau sem eru að læra íslensku sem annað tungumál.

Handritin og íslenskan fengu langþráð heimili í Eddu - Húsi íslenskunnar. Framsókn vill gera menningararfi þjóðarinnar hátt undir höfði og vinna að því að handrit og önnur menningarverðmæti erlendis skili sér í auknum mæli heim til Íslands. Tryggja þarf varðveislu, miðlun, stafræna endurgerð og rannsóknir á þessu sviði.

5.2 Íslenskt táknmál

Framsókn vill að hlúa að íslensku táknmáli sem er eina opinbera minnihlutamál á Íslandi. Brýnt er að vinna markvisst eftir nýrri málstefnu fyrir íslenskt táknmál og hrinda

aðgerðaáætlun hennar í framkvæmd til að efla, varðveita og stuðla að þróun táknmálsins til framtíðar. Aukin þjónusta við táknmálsfólk gerir því kleift að taka fyllri þátt í samfélaginu en ella og stutt við jafnari tækifæri fyrir öll sem reiða sig á íslenskt táknmál til tjáningar og samskipta.

5.3 Máltækni og gervigreind - Íslenskan okkar, alls staðar

Framsókn vill tryggja framtíð íslenskunnar í stafrænum heimi með uppbyggingu, viðhaldi og hagnýtingu máltækniinnviða. Í fyrstu máltækniáætlun stjórnvalda var fjárfest gríðarlega í þróun tæknilegra innviða sem er undirstaða þeirra tæknilausna sem eru að koma fram á markaði í dag og eru aðgengilegar á íslensku. Með nýrri máltækniáætlun er stutt við fyrirtæki í því verkefni að þróa tæknilausnir sem skilja og tala íslensku.

Þá er mikilvægt að vinna stöðugt að því í síbreytilegu umhverfi að gera íslenskuna aðgengilega í snjalltækjum og afþreyingarefni í viðtæku samstarfi við alþjóðleg tæknifyrirtæki á borð við Microsoft, OpenAI, Google og fleiri. Við viljum tryggja það að þegar ný byltingarkennd tæknilausn kemur á markað þá sé sú lausn aðgengileg á íslensku. Íslendingar eiga að geta notað nýjustu tækni á íslensku, nýtt sér þjónustu fyrirtækja á íslensku og talað við tæknina á íslensku.

Þróun gervigreindar og hvernig henni mun vinda fram er eitt stærsta verkefni samtímans. Huga þarf að umgjörð og stefnumótun í málefnum máltækni og gervigreindar til framtíðar. Það skiptir máli að Ísland verði gerandi og taki virkan þátt í þróun og innleiðingu yfirstandandi tæknibreytinga til að sjálfvirknivæðingin stuðli að auknum hagvexti og skili okkur bættum lífskjörum á okkar forsendum. Samhliða þarf að huga að siðferðislegum álitafnum og samfélagslegum áskorunum sem fylgja nýrri tækni og sjálfvirknivæðingu starfa. Kortleggja þarf hvernig vinnumarkaðurinn muni breytast og bjóða upp á menntun sem styður við þessa þróun.

Framsókn vill stofna miðstöð máltækni og gervigreindar með hliðsjón af norrænum fyrirmyndum. Hlutverk hennar er að vera miðstöð fyrir rannsóknir, þróun, miðlun og hagnýtingu innviða.